

Fundur NOS haldinn á Borg í Grímsnesi

þann 21. janúar 2014 kl. 9:00 - 11:15.

Mætt: Björgvin Skafti Bjarnason, Aldís Hafsteinsdóttir, Drífa Kristjánsdóttir, Aðalsteinn Sveinsson, Gunnsteinn R. Ómarsson, Gunnar Þorgeirsson, Ragnar Magnússon og Ingibjörg Harðardóttir sem ritaði fundargerð.

1. Kosning formanns NOS.

Sigríður Lára, formaður hefur tilkynnt vanhæfi sitt til starfa í NOS vegna starfa sinna fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samþykkt er að Aldís Hafsteinsdóttir verði formaður í hennar stað.

2. Fundargerð starfshóps vegna innleiðingar Skólaþjónustu í Árneshöfði frá 10. janúar 2014.

Aldís fór yfir fundargerð 4. fundar starfshópsins og vinnu þeirra við innleiðingu skólaþjónustunnar.

- Búið er að kaupa lénið www.arnething.is sem notað verður fyrir skóla- og velferðarþjónustuna.
- Leigðir hafa verið tvær Skoda Octavia station bifreiðar í þrjú mánuði hjá bílaleigunni Hertz í gegnum Ríkiskaup. Að þremur mánuðum liðnum verður fyrirkomulagið endurskoðað.

Vinnu starfshópsins er lokið og samþykkt að leggja hann niður. Fundarmenn þakka starfshópnum fyrir vel unnin störf.

3. Tímasetning á hugarflugsfundi.

Lagt er til að hugarflugsfundur verði haldinn með skólastjórnendum og sveitarstjórnarmönnum þann 7. febrúar n.k. í Þingborg. Gerði G. Óskarsdóttur verði falið að hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd fundarins í samvinnu við forstöðumann og starfsmenn Skóla- og velferðarþjónustunnar.

4. Námskeið fyrir skólastjórnendur.

Starfsmenn skólaþjónustunnar eru að skipuleggja námskeið fyrir skólastjórnendur og er lögð fram tillaga að dagsetningum námskeiðanna.

NOS vill beina því til starfsmanna skólaþjónustunnar að sækja um styrk í endurmenntunarsjóði.

5. Aðkoma Gerðar G. Óskarsdóttur að þeim verkefnum sem framundan eru.

Á fundi starfshópsins þann 10. janúar s.l. voru lagðar fram tillögur um aðkomu Gerðar að þeim verkefnum sem eru framundan. NOS samþykkir tillögur starfshópsins.

6. Sálfræðiþjónusta til vors.

Farið var yfir með hvaða hætti fæðingarorlof sálfræðings yrði leyst. Forstöðumanni er falið að gera samning við verktaka um sálfræðiþjónustu fram á haust þar til sálfræðingurinn kemur aftur. Samþykkt er að hvert sveitarfélag greiði fyrir þá sálfræðiþjónustu sem það notar í þennan tíma.

7. Fjárhagsáætlun 2014.

Aldís fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2014 fyrir skólaþjónustu. Samþykkt er að uppfæra hana skv. umræðum á fundinum. Jafnframt samþykkt að uppfæra fjárhagsáætlun fyrir velferðarþjónustu þar sem tekið verður tillit til yfirstjórnar.

Einnig var rætt um hvaða fjárhæðir þyrfti að greiða til þeirra sveitarfélaga sem hýstu starfsstöðvar skóla- og velferðarþjónustunnar. Samþykkt er að greiða 300.000 kr. fyrir hverja starfsstöð og 300.000 kr. fyrir bókhaldsþjónustu og launaútreikning til Hveragerðisbæjar.

8. Önnur mál.

- Einn af umsækjendum hefur óskað eftir rökstuðningi vegna ráðningar í stöðu sálfræðings. Aldísi Hafsteinsdóttur er falið að svara viðkomandi.
- Samkvæmt samstarfssamningi sveitarfélagana skal haldinn upplýsingarfundur með sveitarstjórnnum í mars. NOS leggur til að fundurinn verði haldinn þriðjudaginn 25. mars n.k. kl. 15:00 í Ölfusi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

Ingibjörg Harðardóttir, fundarritari.